

Vöktun Vistkerfa

Suðurland 2022



Náttúrustofa Suðurlands

Gígja Óskarsdóttir

Margrét Lilja Magnúsdóttir

Stokkseyri 65-03 Sjávarfitjungsvist

Fórum að sniðinu þann 11. júlí. Þurrt en skýjað.

Hægt er að aka langleiðina að sniðinu, en ganga þurfti síðustu ca 600 metrana. Hægt að komast nær ef farið er niður hjá vitanum. Sniðið er nánast alveg við sjóinn og greinilegt að veður og öldugangur síðasta vetrar hefur haft áhrif, því að um fjóðrungur sniðsins er hreinlega horfinn, þar er bara ber klöppin eftir. Greinilegt er á jarðveginum að eitthvað af rofinu hefur gerst frekar nýlega. Mikið hefur gengið á því að sjá má þanghrúgur um 100 metrum ofan við sniðið. Þetta er líklega eina sniðið með dauðum fiskum og kröbbum.

Jarðvegurinn er mjög sendinn og mikið af skeljarbrotum.

Mikill munur er á fremri hluta sniðsins og þeim aftari. Fremst í sniðinu er talsverður túnvingull en hann minnkar eftir því sem aftar dregur og er alveg horfinn í síðustu reitunum. Sjávarfitjungur er ríkjandi tegund í sniðinu. Aftast í sniðinu eru víða berar klappir og lítill gróður.



Hrímblaðka greindist í sniðinu áður, en fannst ekki núna.

Skriðlíngresi og melgresi eru nýjar tegundir í sniðinu.

Ölfusforir OF-1 Gulstararflóavist

Fórum í sniðið þann 13. júlí í blíðskaparveðri. Sólríkt og hlýtt og smá vindur.

Beygt er af hringveginum við Arnarbæli (rétt austan við Kotstrandarkirkju) og ekið til suðurs að Ölfusá. Við Egilsstaði er farið um hlið og ekið eftir slóða sem er nokkuð blautur á köflum. Gott að láta vita af sér á Egilsstöðum, því eins og okkur var sagt þar, þá eru það nánast bara hestabjófar og veiðibjófar sem fara inn á svæðið. Talsverður gangur er frá slóðanum að sniðinu og er mikil bleyta og hávaxinn gróður á leiðinni. Þarf að fara yfir einn skurð.

Fremst í sniðinu er frekar blautt en aftari hluti þess er mun þurrari (sérstaklega umhverfis reit 4, sem er 32,4m frá upphafspunkti) og fara þá plöntur eins og geithvönn og mjaðjurt að taka við af tjarnarstör, gulstör og fergin.



Geithvönn fannst í sniðinu núna, en annars voru sömu tegundir að greinast í sniðinu nú og í fyrri athugunum.

Ölfusforir OF-2 Gulstararflóavist

Fórum í sniðið þann 13. júlí. Sól og hlýtt í veðri, smá vindur..

Gengið í norðvestur frá OF-1. Talsverð bleyta og einsleitur gróður í sniðinu. Gulstör ríkjandi. Gróðurinn það hávaxinn að hælarnir sjást illa. Vorum með 70cm langa hæla, hefðu þurft að vera a.m.k. 1m.



Hestar eru þarna á svæðinu og voru þeir mjög áhugasamir vægast sagt. Sérstaklega voru þeir þó spenntir fyrir bílnum sem við vorum á og bæði sleiktu hann og bitu í hann. Borgar sig að vera ekki á miklum sparibíl og líklega myndi hjálpa að vera með eitthvað meðferðis sem gæti fælt hestana í burtu. Bílflaut hafði engin áhrif.



Tegundir sem áður greindust í sniðinu en fundust ekki núna voru vallhæra og vallarsveifgras.

Nýjar tegundir í sniðinu voru geithvönn, horblaðka, mýrfjóla og líklega laugamaðra (sem er sett hér fram með smá fyrirvara).

Ölfusforir OF-4

Fórum í sniðið 5. ágúst. Veður var stillt, hlýtt og skýjað.

Sniðið er fyrir sunnan OF-1 og 2. Hægt að aka eftir slóðanum í átt að sniðinu, en slóðinn er frekar blautur á köflum og því hætt við að festa bílinn. Þarf að fara yfir tvær lænur. Sú fyrri með leirkenndum botni og því ekki mælt með að fara á bíl ef blautt. Sú seinni er með sendnum botni og auðveld yfirferðar.



Reyndum að fara í sniðið þann 13. júlí en þá var nokkuð mikið vatn í lænunum og frestuðum við því för þar til væri þurrara. Þann 5. ágúst ákváðum við að fara eftir góðan þurkkakafla. Var þá búin að vera ríkjandi norðanátt, nokkuð hvöss, og sólskin. Þegar við vorum á þessum slóðum um miðjan júlí var allt grænt yfir að líta enn nú var áberandi gulur blær yfir öllu.

Lítið vatn var í fremri lænunni en talsverð drulla. Meira vatn í þeirri síðari en ekki djúpt og auðvelt að vaða yfir. Þá tók við um 700 m gangur að sniðinu og var gengið í gegn um vel gróið land með fjölbreyttum gróðri. Lávaxnir runnar, lyng og fjöldi blómplantna. Þegar komið var í sniðið sjálft var gróðurinn einsleitari. Mosapekja er oftast 5 en annars er gulstör ríkjandi tegund. Gulvíðir er áberandi í sniðinu.



Tegundir greindar áður í sniðinu sem ekki fundust núna voru mýradúnurt, flagasóley, túnsúra og blátoppastör. Ný tegund í sniðinu var brennisóley. Umfeðmingur rétt fyrir utan.

Ölfusforir ID 12 Starungsmýravist

Fórum í sniðið þann 14. júlí og var veður milt, hlýtt og léttskýjað. Ekið er til norðurs að Friðlandi í Flóa gegnt Eyrarbakka í átt að bænum Sólvangi. Sniðið ID-12 er einungis um 100 metra frá veginum sem er afskaplega þægilegt. Ágætlega þurrt (hægt að vera á strigaskóm), mest grasi vaxið en þar má einnig finna blómplöntur og lávaxna runna, aðallega gulvíði, sem er nokkuð áberandi í sniðinu. Þarna vaxa bláberjalyng, engjarós, mjaðjurt og geithvönn.



Tegundir sem áður greindust í sniðinu, en fundust ekki núna voru hrafnaklukka, hengistör, vegarfi, mýrelfting og hvítmaðra.

Nýjar tegundir í sniðinu voru sjöstjarna, mýrfjóla, tjarnastör, tágamura, vallhæra, húsapuntur, mosajafni, geithvönn og stúfa.

Ölfusforir RN 04

Fórum í sniðið þann 14. júlí og var veður milt, hlýtt og léttskýjað. Sniðið er inn í friðlandinu sjálfu og aðeins um 300 metra frá bílastæðinu við fuglaskoðunarhúsið. Liggur göngustígur nánast aðveg að sniðinu. Mikið fuglalíf þarna í kring og gaman að hlusta á fuglahljóðin, sérstaklega á himbrimann sem var á nálægri tjörn. Kindur höfðu komist þarna inn fyrir girðingu og voru búnar að skíta í fyrsta reitinn og bíta gras í þeim næsta. Starir voru ríkjandi í sniðinu og í þó nokkru úrvali.



Tegundir sem greindust áður í sniðinu en fundust ekki núna voru lokasjóður og naflagras. Nýjar tegundir í sniðinu voru brjóstagras, hrossanál, mýrasef, stinnastör, mýrasóley, kattartunga og týtulíngresi.



Ölfusforir ID 19 Starungsmýravist

Sniðið er á leiðinni til baka frá fuglaskoðunarhúsinu í friðlandinu, í um 800 m frá veginum. Búið er að loka vegslóða sem lá áleiðis að sniðinu. Hafa skal skurðinn á hægri hönd. Stóðhestar eru á svæðinu og eru nokkur ummerki eftir þá, skítur, traðk og búið að bíta. Sömuleiðis eru ummerki eftir gæsir. Við fórum í sniðið þann 5. ágúst og líklega hefði verið betra að fara fyrr, því það vantaði mikið ofan af störunum og erfitt að greina. Hvöss og þurr norðanáttin dagana á undan var líklega ekki að hjálpa í þeim efnum.

Sniðið nokkuð þýft og aðeins blautt milli þúfa. Framarlega í sniðinu virtist vera komin ný tjörn, svört á að líta. Einnig var þar jarðvegshrúga sem virtist nýlega tilkomin.



Tegundir greindar áður í sniðinu, sem ekki fundust núna voru tungljurt, mosajafni, belgjastör, hrossanál, axhæra, kattartunga, geithvönn, hófsóley, gulmaðra, lyfjagras og Friggjargras.

Nýjar tegundir voru titulíngresi, tjarnastör, reyrgresi, krækilyng, engjarós, og mýrafinningur.

Pollengi (SL 43-04) Starungsmýravist

Fórum að sniðinu 24. júlí í blíðskaparveðri, um 15 stiga hiti, léttskýjað, sólríkt og lygnt.

Ekið að Flúðum (úr austri), yfir brúna að Reykholti, tekinn vegurinn niður að Bræðratungukirkju. Fengum leiðbeiningar hjá Kjartani bónda í Bræðratungu hvernig aka mætti í átt að sniðunum eftir slóða rétt á móti bænum til vesturs. Þurfti samt að ganga talsverðan spöl að sniðinu í Pollengi.



Þýft í sniðinu og nokkurn vegin þurrt, aðeins smávægileg væta milli þúfna. Vel gróið, mýrastör ríkjandi. En fjölbreyttur gróður samt sem áður.



Tegundir sem áður greindust í sniðinu en fundust ekki núna voru ætihvönn, hófsóley, skammkrækill og hvítmári.

Nýjar tegundir í sniðinu eru tjarnastör, týtulíngresi, reyrgresi, mýrfjóla og blávingull



Tunguey (SL 42-06) Gulstararflóavist

Fórum að sniðinu 24. júlí í blíðskaparveðri, um 15 stiga hiti, sólríkt og lygnt.

Sniðið er í um kílómeters fjarlægð frá sniðinu í Pollengi til suðvesturs. Þarf ekki að fara yfir skurð til að komast þangað (skurðurinn liggur í Z og hægt að komast fyrir endann á honum). Mjög blautt á leiðinni og frekar erfitt yfirferðar (spurning að vera í vöðlum). Forðast óhressar álfir með unga í skurðunum sem gengið er meðfram.

Sniðið sjálft mjög blautt og gróður einsleitur. Fátt annað en gulstör, tjarnastör og fergin. Alls staðar glittir í vatn í botninum.



Tegundir sem áður greindust í sniðinu en fundust ekki núna voru skriðlíngresi, blátoppastör, flóastör, tágamura, mýrelfting, hrafnaklukka, mýrasóley, Friggjargras og lokasjóður.

Ný tegund í sniðinu var vallhæra.

Skúmsstaðavatn (SL 41-01) Runnamýravist

Fórum að sniðinu 20. júlí í hlýju, hægu og sólríku veðri.

Ekið niður í Landeyjar að bænum Glæsistöðum eins og GPS tækið lagði til. Þar á hlaðinu voru tveir menn við vinnu sem tjáðu okkur að vonlaust væri að komast þaðan að sniðinu, vegna þess að búið væri að grafa nýja skurði, sem kæmu í veg fyrir það. Þeir bentu okkur á að fara frekar að bænum Sigluvík og gerðum við það. Þar var okkur bent á slóða og sagt velkomið að aka eins langt og við kæmust eftir honum. Við komust upp eftir slóðanum í um eins kílómeters fjarlægð frá sniðinu. En því miður var breiður og djúpur skurður sem hindraði beina leið þangað. Þurftum við að taka góðan sveig fyrir þennan skurð og fara yfir tvo minni skurði og ganga um 5 km leið að sniðinu. Það er alveg hægt að mæla með því að taka með sér einhvers konar planka sem mætti nota til að komast yfir fremsta skurðinn og og spara þannig mörg skref, mikið brölt og nokkra klukkutíma.



Sniðið sjálf var þó með því skemmtilegasta, fallegu og fjölbreyttu gróður í fallegu umhverfi. Krækiber á annarri hverri þúfu. Talsvert þýft, frekar þurrt og svarðmosi áberandi. Talsvert bláberjalyng, krækilyng, engjarós og loðvíðir





Tegundir sem áður höfðu verið greindar í sniðinu en fundust ekki núna voru mosajafni, flóastör, fjallalógresi, lyfjagras, mjaðjurt, mýrfjóla og vegarfi.

Nýjar tegundir sem fundust í sniðinu að þessu sinni voru gulvíðir, mýrastör, mýradúnurt, titulíngresi og Friggjargras.

Oddaflóð (VL 42-05) Gulstararflóasvíst

Fórum að sniðinu 20. júlí í hlýju, hægu og sólríku veðri.

Ekið í sveig niður fyrir kirkjuna í Odda alveg að enda vegarins við bæinn Sólvelli. Þar fengum við leyfi hjá ábúendum að aka niður eftir hluta túnsins. Þaðan var um 500 metra þægilegur gangur að sniðinu VL 42-05. Talsverð bleyta er í sniðinu og eykst hún sem lengra dregur inn í sniðið. Gulstör og tjarnastör eru ríkjandi tegundir í sniðinu.



Tegundir sem áður voru greindar í sniðinu en fundust ekki núna voru flóastör, bláklukka, tungljurt, lækjagrýta og brennisóley.

Nýjar tegundir fundnar í sniðinu voru brjóstagrass, krækilyng, hálíngresi, krossmaðra, lokasjóður, blávingull og lófótur.

Oddaflóð (41-02) Starungsmýravist/Runnamýravist

Fórum í sniðið 24. júlí. Hlýtt í veðri og sól.

Á leiðinni til baka frá Sólvöllum, um 200 metrum fyrir neðan veginn til suðurs er sniðið 41-02, nálægt lítilli tjörn. Er þýft og þurrt með miklum mosa, lyngi, og víði.



Bæði hraungambri og melagambri finnast í sniðinu, sem og svarðmosi. Hraun- og melagambri ofan á þúfunum en svarðmosinn meira í botninum. Bláberjalyng er mjög áberandi í sniðinu, en sömuleiðis krækilyng og beitilyng. Lávaxinn runnagróður er einnig áberandi, gulvíðir, loðvíðir og fjalldrapi.



Tegundir sem greindust áður í sniðinu en fundust ekki núna voru fjallalógresi, kattartunga, hárleggjastör, vegarfi, jakobsfífill og brennisóley.

Nýjar tegundir fundnar í sniðinu voru beitilyng, blóðberg, ilmreyr, hvítmári, tungljurt, túnfífill, mosajafni og fjalldrapi.

Spurning hvort vistgerðin ætti að flokkast sem runnamýravist frekar en starungsmýravist.

Miklumýrar MM 10-01

Fórum í sniðið þann 13. ágúst. Veður var gott en skýjað.

Ókum sem leið liggur upp Kjalveg og beygðum inn á veginn að Kerlingafjöllum (F347). Frá honum liggur vegslóði niður að Miklumýrum. Slóðinn var mjög grófur á köflum og gekk frekar seint að komast á áfangastað. Um 800 m gangur var frá slóðanum að sniðinu og var klukkan um 14:30 þegar við gátum loks hafist handa (fórum með Herjólf kl. 7:00).

Mikil bleyta var í sniðinu og jafnvel litlar tjarnir. Gróður einsleitur, mest starir og svarðmosi, en einstaka þúfa bauð upp á meiri fjölbreytni, eins og t.d. krækilyng, bláberjalyng, grasvíði og fjallavíði.

Víðast voru öxin farin af störunum og því ekki auðvelt að greina. Skoðað var hvaða tegundir höfðu fundist áður og það notað til viðmiðunar. Skekkjörk eru talsverð.



Tegundir sem áður greindust í sniðinu en fundust ekki núna eru axhæra og aðalbláberjalyng.

Bláberjalyng og tjarnastör eru nýjar tegundir.



Spurning hvort gulvíðir sé ný tegund í sniðinu. Fjallavíðirinn virðist í mörgum tilvikum mjög blandaður gulvíði, þannig að oft var erfitt að greina á milli. Allar plöntur sem fundust með reklum voru þó greinilega fjallavíðir.




Miklumýrar MM 110-01

Fórum í sniðið þann 13. ágúst. Skýjað og einstaka skúr.

Ekið áfram (frá sniði 10-01) vegslóðann til suðurs, sem liggur milli vegarins að Kerlingafjöllum (F347) til suðurs að Tungufellsdal austan við Gullfoss (F349). Vegurinn lagast mikið eftir því sem sunnar dregur.

Sniðið MM 110-01 er norðan við Sandá en vaðið yfir ána er við Leppitunguskála og er því talsvert langur gangur frá veginum að sniðinu.

Sniðið er þurr og þýft, mest mosi, fléttur, lyng og lávaxinn runnagróður. Fléttur eru fjölbreyttar og setja sérstaklega mikinn svip á svæðið.



Tegundir sem áður höfðu greinst í sniðinu en fundust ekki núna voru gulvíðir, músareyra, axhæra, naflagras og klórfífa.

Engar nýjar tegundir fundust í sniðinu að þessu sinni.

Miklumýrar MM 12-01

Fórum að sniðiðinu 13. ágúst.

Við stoppuðum skammt frá syðra vaðinu yfir Sandá við Leppistunguskála og var nokkuð langur gangur frá veginum að sniðinu. Mikið votlendi og erfiður gangur, mikið af mýrum sem þurfti að sneiða hjá.

Þegar kom að sniðinu var mikil bleyta á svæðinu og var það mat okkar að það væri hreinlega ekki hægt að vinna við það. Þetta voru mikil vonbrigði eftir alla fyrirhöfnina við að komast að sniðinu. Bara að finna núllpunktinn var erfiðleikum háð og náði vatnið upp á mið læri og sukkum enn dýpra ef við stóðum kyrrar. Við settum ekki niður hæl á núllpunktinn því hann hefði bara verið á kafi í vatni. Við vorum með 70cm hæla en þeir þyrftu að vera a.m.k. tvöfalt lengri.

Tjarnastör er mest áberandi þegar litið er yfir sniðið frá núllpunktinum, en við nánari athugun er þar einnig að finna talsvert af mýrastör og vetrarkvíðastör, en minna af gulstör. Glitta mátti í þúfu sem gæðist upp úr vatninu með hálmgresi, svarðmosa og kornsúru. Gróðurinn einsleitur nánast eins langt og augað eygði. Virðast ekki hafa orðið breytingar á gróðri frá fyrri athugunum.



Miklumýrar bera svo sannarlega nafn með rentu. Líklega hefur það ekki hjálpað að fyrr í vikunni gaf Veðurstofan út gula viðvörun vegna vatnsveðurs á Suðurlandi, auk þess, sem þetta sumar er það blautasta frá árinu 1921. Mælum við með að farið sé í sniðið eftir góða þurrka. Vöðlur eru nauðsynlegar.

Miklumýrar MM 12-02

Upplýsingar um tegundasamsetningu gróðurs í sniðinu frá fyrri ferðum þangað benti til að það væri ekki eins blautt og MM 12-01 sniðið, en vegna bleytu var okkur ómögulegt að komast að sniðinu. Við ákváðum því að reyna ekki að komast þangað að þessu sinni. Vorum á svæðinu 13. ágúst.

Miklumýrar MM 110-02

Fórum að sniðinu 13.ágúst. Þegar við vorum að nálgast sniðið varð mýrin alltaf blautari og blautari og erfiðari yfirferðar. Þegar um 50 metrar voru eftir að upphafspunktinum sáum við að lengra yrði ekki komist. Við tókum myndir þaðan yfir svæðið í átt að sniðinu (Bláfell á Kili til vesturs).

Það voru mikil vonbrigði eftir að hafa ekið þessa löngu leið eftir slæmum vegaslóðum og síðan að ganga einhverja kílómetra í erfiðu landslagi að þurfa að játa okkur sigraðar.



Við gistum í skálanum í Svínárnesi (Sandártungu) og er það góður skáli og getum við alveg mælt með að gista þar. En skálinn í Leppistungum er nær vaðinu yfir Sandá (mynd) og eru öll sniðin norðan við ána. Þaðan er þó nokkuð langur gangur til vesturs frá vaðinu að sniðunum. Ef ekki er mikið vatnsmagn í Sandá ætti að vera hægt að vaða yfir hana frá veginum sunnan árinna (við Skyggnishóla t.d.) og komast þaðan styttri leið að sniðunum. Sniðið MM 10-01 er þó norðan Búðarfjalla.



Þjórsárver V13-2 Rekjuvist

Fórum í sniðið 22. ágúst. Veður var gott, 8 stiga hiti, skýjað, einstaka skúr, nánast logn.

Sniðið er við Sóleyjarhöfða og liggur vegur alveg að sniðinu, en hann er stórgrýttur og seinfarinn. En einnig er vel hægt að ganga þangað frá Gásagusti. Fyrri snið voru 200m á lengd og tókum við stefnu frá upphafspunkti að miðpunkti og settum niður hæl eftir 40m. Við notuðum sömu staðsetningu fyrir smáreiti og frá sniðum í Ölfusforum.


Aðeins þýft og þúfurnar mjög lágar. Mosi var yfir nánast öllu sniðinu og lávaxinn gróður. Fjallavíðir og hrossanál stóðu aðeins upp úr mosanum. Þar sem gróðurþekja var ekki til staðar var gróðurskán. Talsverð ummerki eftir gæsir, bæði skítur og búið að bíta.





Þar sem sniðið er stytt úr 200m í 40m var fjöldi tegunda eðlilega ekki eins mikill og áður. Tegundir sem greindar voru áður í sniðinu en fundust ekki núna voru skriðlíngresi, hálmgresi, rjúpastör, naflagras vallarsveifgras og bláberjalyng.

Engin ný tegund fannst í sniðinu.



Þjórsárver V05-4

Fórum í sniðið 22. ágúst. Veður var gott, 8 stiga hiti, skýjað, nánast logn.

Sniðið er rétt norðan við Þúfuvötn. Ekið er eftir slóðanum sem liggur að Gásagusti og er hann stórgrýttur og seinfarinn. U.þ.b. miðja vegu milli Kvíslarveituvegarins og Gásagusts er stoppað og er sniðið um 300m frá slóðanum. Við styttnum sniðið úr 200m í 40m með stefnu á miðpunkt. Notuðum sömu staðsetningu fyrir smáreiti og frá sniðum í Ölfusforum.

Sniðið er þýft með stórum sérkennilegum þúfum, með dæld í miðjunni. Lítil lækur rann eftir sniðinu endilöngu. Tveir af smáreitunum lentu að miklu leyti í læknum.

Mosi er mjög áberandi í sniðinu, lávaxinn gróður, víðir, lyng og starir. Hrossanál við lækjarbakkann áberandi hæsti gróðurinn. Gróðurskán inn á milli.



Þar sem sniðið var stytt úr 200m í 40m eru eðlilega ekki eins margar tegundir að finnast nú og í fyrri gögnum. Ekki hjálpar það að tveir af smáreitunum lentu að mestu út í læk.

Nokkur ummerki voru eftir gæsir á svæðinu, bæði skítur og einnig búið að bíta ofan af störunum, sem gerði greiningu þeirra nokkuð erfiða á stundum.

Tegundir sem áður voru greindar í sniðinu en fundust ekki núna voru skriðlíngresi, rjúpustör, bjúgstör, hengistör, vatnsnarfagras, músareyra, fjallapuntur, klóelfting, beitieski, augnfró, mosalyng, naflagras, trefjasóley, snækrækill, þúfusteinbrjótur og stjörnusteinbrjótur.

Lyfjagras var ný tegund í sniðinu.



Þjórsárver 03-2 Rústamýravist

Fórum í sniðið þann 22. ágúst. Veður var gott, hlýtt, skýjað og logn.

Slóðinn að Gásagusti er stórgrýttur og erfiður yfirferðar, en sniðið er um 3 km norðan við Gásagust. Til að komast að sniðinu þarf að vaða yfir Þúfuverskvísl og þrátt fyrir hvað hún er breið, þá er vaðið auðvelt. Sendinn botn og áin lygn og grunn. Borgar sig þó að vera með staf til að athuga botninn.



Styttum sniðið úr 200m í 40m, fundum upphafspunkt og tókum stefnu á miðpunkt. Notuðum sömu staðsetningar fyrir smáreiti og frá sniðum í Ölfusforum.

Nokkur hæðarmunur er á fremri hluta sniðsins og þeim aftari og er skiptingin frá hægri við miðjustiku að vinstri stiku við endapunkt. Ekki er halli í sniðinu heldur skörp skil og virðist hæðarmunurinn vera tilkominn vegna rofs sem er að gróa upp. Er nokkuð mismunandi gróður á hærri og lægri hlutanum.



Gróður í sniðinu er nokkuð kaflaskiptur. Hægra megin við upphafspunkt (í efri hlutanum) er t.d. þéttur flekkur með mýrastör sem lendir ekki inn í smáreit og kemur hún lítið við sögu í smáreitunum. Aftar í sniðinu (í neðri hlutanum) er þýft svæði með klófífu og lendir fjórði smáreiturinn einmitt þar. Annars er gróður að mestu lávaxinn og jarðlægur og er mosi yfir því mestu og gróðurskán þar sem enginn er gróðurinn.



Gæsir höfðu greinilega komið við í sniðinu og voru búnar að éta ofan af nánast öllum störum og reyndist því oft erfitt að greina þær. Sumar þúfur líktust helst ígulkerjum, bara litlir broddar eftir.



Tegundir sem áður höfðu greinst í sniðinu en fundust ekki núna voru skriðlíngresi, hengistör, rauðstör, klóelfting, beitieski, blávingull, naflagras og trefjasóley.

Engin ný tegund fannst í sniðinu að þessu sinni.

Vestmannaeyjar, Klauf og Garðsendi, Jarðfræðiminjar

Fórum ásamt Ingvari Atla Sigurðssyni jarðfræðingi út í Klauf, Höfðavík og að Garðsenda þann 23. ágúst. Veður var hlýtt og stillt og varla ský á himni.

Fyrir um 5000 árum síðan var mikil eldvirkni á sprungubeltinu og Heimaey ásamt öðrum eyjum í Vestmannaeyjaklasanum að myndast. Hvert eldgosið tók við af öðru. Í Klaufinni, Höfðavík og á Garðsenda þar sem hraunið frá Stórhöfða annars vegar og frá Sæfelli hins vegar mætast, má sjá jarðvistaleyfar frá fyrri tíð og er það vegna ágangs sjávar sem þau koma í ljós. Í þessum eldri lögum má finna jarðgerðar plöntuleifar, bæði laufblöð og rætur. Segja þau einstaka sögu um gróðurfar fyrir um 5000 árum síðan og ekki síður um jarðfræði og myndun svæðisins.



Teknir voru GPS punktar á helstu fundarstöðum jarðlaganna. Vegna ágangs sjávar síðsta vetur, sem var mjög stormasamur, hafði brotnað talsvert úr þessum lögum.

